

## Fundargerð aðalfundar 2009

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. fyrir árið 2009 var haldinn í húsakynnum fyrirtækisins að Borgartúni 37 í Reykjavík, 4. júní 2009 kl. 15:00. Mættir voru fulltrúar 9 hluthafa sem eiga samanlagt 83,6 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Löglega var til fundarins boðað. Fundurinn kaus Gunnar Sturluson, hrl., fundarstjóra og Margréti Ásgeirsdóttur, Sveitarfélaginu Árborg, ritara.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Hörður Sigurgestsson, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, lagði fram ársreikning fyrirtækisins.  
Ársreikningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.
3. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins og að endurskoðandi yrði endurkjörinn, og var sjálfkjörið í allar þessar stöður. Þær eru því skipaðar svo:
  - Anna Torfadóttir ( kt. 250149-6549), stjórnarmaður.
  - Hörður Sigurgestsson (kt. 020638-2659), stjórnarmaður.
  - Karl Guðmundsson (kt. 161153-4519), stjórnarmaður.
  - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
  - Hulda Björk Þorkelsdóttir (kt. 211248-4169), varamaður í stjórn.
  - Eiríkur Þorláksson (kt. 301153-7169), varamaður í stjórn.
  - Ríkisendurskoðun, endurskoðandi.
4. Lagt var til að hagnaður af rekstri ársins 2008 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess og var það samþykkt.
5. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2009-til aðalfundar 2010 verði óbreytt, eða kr. 20.000 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
6. Önnur mál.  
Eiríkur Þorláksson tók til máls og þakkaði félaginu fyrir gott starf. Spurði um næstu skref við fyrirhugaða samþætta leitarvél / -gátt og um stofnkostnað fyrir það verkefni. Sveinbjörg Sveinsdóttir svaraði að ætla megi að stofnkostnaður verði í kringum 50 milljónir króna og að árlegur rekstrarkostnaður muni nema um 22 milljónum króna. Finna þurfi leiðir til þess að fjármagna reksturinn. Áætlanir verða kynntar á komandi vikum og kannað hvort hljómgrunnur er meðal aðildarsafna og annarra um að taka þátt í kostnaði vegna reksturs.





## Landskerfi bókasafna

Eiríkur bætti við að samstarf við félagið hafi verið gott um að móta hugmyndir um leitarvél á sameiginlegum grunni menningararfs. Honum leist vel á hugmynd um samþætta leitargátt, þar sem hún stefni í sömu átt og talað hefur verið um. Það sé verðugt markmið að geta sameinast um eina leitargátt um íslenska menningu.

Hörður Sigurgestsson bætti við að forkönnunarverkefnið hafi gengið ótrúlega vel og samstarfið við Dani hafi verið mjög gott. Konunglega bókasafnið og Tækniháskólinn í Kaupmannahöfn hafi áhuga á frekara samstarfi við þróun leitargáttarinnar. Hörður taldi verkefnið framkvæmanlegt án mikils aukakostnaðar fyrir aðildarsöfn.

Hulda Björk Þorkelsdóttir spurði hvort rætt hafi verið um eina gátt fyrir allan íslenska menningararfinn. Sveinbjörg sagði félagið horfa aðallega til bókasafna í fyrstu en síðar megi kanna möguleika á að opna gáttina fyrir öðrum tegundum safna. Anna Torfadóttir benti á að spennandi sé, að hægt verði að bjóða stofnunum upp á eigin vefviðmót, þótt ein leitarvél sé undirliggjandi.

Að lokum sýndi Sveinbjörg stuttlega frumgerð að samþættri leitargátt. Fundarmenn ræddu um gagnainnihald og aðgengi.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins. Fundi var slitið kl. 16.00.

Gunnar Sturluson

Margrét Ásgeirsdóttir